



Fjarskiptastofa

**Ákvörðun nr. 6/2021**

**Heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í  
föstum almennum talsímanetum**

Málsnúmer: 2021070203

**29. október 2021**



## EFNISYFIRLIT

Bls.

1	Inngangur .....	3
2	Forsendur ákvörðunar .....	5
2.1	Tilmæli ESA varðandi lúkningarverð í farsímanetum og föstum netum .....	5
2.2	Ákvörðun PFS nr. 22/2016.....	7
2.3	Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 1/2016 út frá verðsamanburði.....	8
3	Útreikningur á lúkningarverði .....	10
4	Niðurstaða Fjarskiptastofu.....	13



## 1 Inngangur

(1) Ákvörðun þessi byggir á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 22/2016, dags. 23. desember 2016, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumöruðum fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum. Samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)<sup>1</sup> frá 2016 um skilgreiningu á heildsölumöruðum fjarskiptaþjónustu tilheyrir lúkning símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum markaði 1.

(2) Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 22/2016 skal árlega ákvarða hámarksverð fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum með verðsamanburði.

(3) Þann 1. júlí 2021 tóku gildi lög nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Samkvæmt lögunum hefur Fjarskiptastofa tekið við því lögþundna hlutverki að hafa umsjón með framkvæmd laga um fjarskipti nr. 81/2003. Í því fellst m.a. að hafa eftirlit með gjaldskrá fjarskiptafyrirtækja fyrir þá þjónustu þeirra sem slíkar kvaðir hafa verið lagðar á með ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar.

(4) Þá leggur Fjarskiptastofa það almennt til grundvallar að fyrri úrlausnir Póst- og fjarskiptastofnunar séu fordæmisgefandi varðandi stjórnsýsluframkvæmd Fjarskiptastofu, enda sé um að ræða framkvæmd og túlkun á sömu ákvæðum fjarskiptalaga. Eins ber að líta á ákvarðanir Fjarskiptastofu sem framhald af ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar, m.a. vegna kvaða sem lagðar hafa verið á fjarskiptafyrirtæki.

(5) Breyting hefur orðið á því hvernig hámarksverð fyrir lúkningu símtala í Evrópusambandinu eru ákvörðuð. Evrópusambandið gaf út tilskipun nr. 2018/1972 (European Electronic Communications Code) þann 11. desember 2018. Tilskipunin kveður m.a. á um að hámarksverð fyrir lúkningu í fastaneti í Evrópusambandinu skuli ákvörðuð með framseldri gerð (e. delegated act). Evrópusambandið gaf síðan út umrædda gerð þann 18. desember 2020<sup>2</sup> sem kveða á um hámarksverð fyrir lúkningu símtala í sambandinu. Ákvæði gerðarinnar hafa hins vegar ekki öðlast gildi hér á landi<sup>3</sup> og óvist er hvenær það mun gerast. Þar til annað hefur verið ákveðið með lögum eða reglugerð hér á landi mun Fjarskiptastofa því fylgja ákvörðun PFS nr. 22/2016 við ákvörðun lúkningarverða í föstum almennum talsímanetum.

(6) Fjarskiptastofa hefur nú framkvæmt verðsamanburð til að ákvarða lúkningarverð hér á landi sem taka eiga gildi frá og með 1. janúar 2022, nema lög eða reglugerð sem kveða á um annað munu taka gildi fyrir þann tíma. Fjarskiptastofa fylgdi sömu aðferðafræði við þennan verðsamanburð og viðhöfð var í síðasta verðsamanburði á þessum markaði að teknu tilliti til þeirra breytinga sem leiða af ofangreindri tilskipun og gerðinni. Fjarskiptastofa notar

<sup>1</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).

<sup>2</sup> Commission Delegated Regulation (EU) 2021/654 of 18 December 2020 supplementing Directive (EU) 2018/1972 of the European Parliament and of the Council by setting a single maximum Union-wide mobile voice termination rate and a single maximum Union-wide fixed voice termination rate.

<sup>3</sup> Sjá <https://gagnagrunnur.ees.is/index.php/32021r0654#32021R0654>.



niðurstöðu verðsamanburðarins til að ákvarða heildsöluverð hér á landi fyrir lúkningu símtala í fastanetum frá 1. janúar til 31. desember 2022.

(7) Fjarskiptastofa efndi til innanlandssamráðs um frumdrög að þessari ákvörðun þann 10. ágúst 2021 og lauk því þann 31. ágúst sl. Engar athugasemdir bárust stofnuninni í samráðinu.

(8) Drög að ákvörðuninni voru send til ESA og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs þann 29. september sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Fjarskiptastofa hefur mótttekið álit ESA, dags. 21 október 2021, sem fylgir með í viðauka I við ákvörðun þessa. ESA gerði engar athugasemdir við ákvörðunardrögin.

(9) Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu Fjarskiptastofu.



## 2 Forsendur ákvörðunar

(10) Fjarskiptastofa byggir ákvörðun sína á fjarskiptalögum, fyrri ákvörðunum stofnunarinnar og tilmælum ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011<sup>4</sup>.

(11) Samkvæmt 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga getur Fjarskiptastofa (áður Póst- og fjarskiptastofnun) við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

(12) Í 12. tl. tilmæla ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum er heimild fyrir eftirlitsstofnanir eins og Fjarskiptastofu að beita verðsamanburði til að ákvarða lúkningarverð, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

(13) Í ákvörðun PFS nr. 22/2016 er kveðið á um að PFS (nú Fjarskiptastofa) skuli árlega taka ákvörðun um hámarks lúkningarverð íslenskra fjarskiptafyrirtækja, í kjölfar verðsamanburðar við EES-ríki samkvæmt nánar tiltekinni aðferðarfræði, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert sem gilda skulu frá og með 1. janúar árið eftir.

(14) Nánar er fjallað um þær forsendur sem liggja að baki ákvörðun þessari í eftifarandi undirköflum.

### 2.1 Tilmæli ESA varðandi lúkningarverð í farsímanetum og föstum netum

(15) Framkvæmdastjórn ESB gaf út tilmæli varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum í maí 2009<sup>5</sup>. Framkvæmdastjórnin taldi kvaðir varðandi lúkningarverð ekki vera nægilega einsleitar í aðildarríkjum sambandsins og ákvað því að gefa út tilmæli sem stuðla ættu að samræmingu. ESA gaf út sambærileg tilmæli þann 13. apríl 2011.

(16) Meginreglan samkvæmt tilmælunum er að eftirlitsstofnanir eigi að kveða á um lúkningargjöld sem taka mið af kostnaði við lúkningu símtala í farsímanetum og föstum netum sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti í samræmi við kostnaðarlíkan sem byggir á langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC) aðferðinni<sup>6</sup>. Horft er til væntrar framtíðarþróunar á grundvelli núverandi kostnaðar og miðað er við hagkvæmustu tæknilegu lausnir, s.s. næstu

---

<sup>4</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 13 April 2011 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EFTA States.

<sup>5</sup> COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU.

<sup>6</sup> Langtíma viðbótarkostnaður (e. Long-run incremental cost, LRIC), þ.e. kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin þjónusta eða starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.



kynslóðar net (NGN). Um er að ræða hreint (e. pure) gangverðs bottom-up<sup>7</sup> LRIC kostnaðarlíkan, svokallað hreint BU-LRIC.

(17) Samkvæmt framangreindum tilmælum ESA var fjarskiptaefirlitsstofnunum veittur almennur aðlögunarfrestur til 31. desember 2012 til að undirbúa og innleiða hreint BU-LRIC kostnaðarlíkan.

(18) Fjarskiptaefirlitsstofnunum sem búa við takmörkuð aðföng (e. less well-resourced regulators) var skv. 12. gr. tilmælanna veittur lengri aðlögunarfrestur eða til 1. júlí 2014. Þá var tilgreint í þessari grein að ef það bryti gegn meðalhófsreglu að þvinga fjarskiptaefirlitsstofnun með takmörkuð aðföng til að beita þeiri aðferð sem mælt væri með í tilmælunum eftir 1. júlí 2014 gætu slíkar stofnanir haldið áfram að beita annarri aðferðafræði þar til tilmælin yrðu endurskoðuð, nema BEREC<sup>8</sup> aðstoðaði hana faglega og/eða fjárhagslega við að beita tilgreindri aðferð.

(19) Fjarskiptastofa telst til þeirra fjarskiptaefirlitsstofnana sem búa við takmörkuð aðföng. Slíkum stofnunum er heimilt að beita t.d. verðsamanburði í stað þeirrar kostnaðargreiningar-aðferðar sem mælt er fyrir um ef sýnt er fram á að su aðferð skili útkomu sem samrýmist markmiðum tilmælanna. Útkoma úr annarri aðferð en hreinu BU-LRIC á ekki að vera hærri en meðalverð þeirra EES-ríkja sem beita hreinni BU-LRIC aðferð við útreikning lúkningargjaldia.

(20) Í kjölfar endurskoðunar á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar var ákveðið að lúkningarverð í Evrópusambandinu yrðu ákvörðuð miðlægt. Evrópusambandið hefur gefið út tilskipun nr. 2018/1972 (European Electronic Communications Code) dags. 11. desember 2018. Tilskipunin fóli í sér heildarendurskoðun á fjarskiptaregluverkinu og kveður m.a. á um að hámarksverð fyrir lúkningu símtala í Evrópusambandinu skuli ákvörðuð með framseldri gerð.

(21) Evrópusambandið gaf síðan út umrædda gerð þann 18. desember 2020<sup>9</sup>. Samkvæmt gerðinni skulu hámarksverð fyrir lúkningu símtala í föstum netum vera 0,07 €sent/mín. Tilgreindum aðildarríkjum er heimilt að innheimta hærri verð á tímabilinu 1. júlí 2021 til 31. desember 2021. Samkvæmt þessu mun almenna hámarksverðið, 0,07 €sent/mín., taka gildi í öllum aðildarríkjum sambandsins þann 1. janúar 2022.

(22) Í frumvarpi til laga um fjarskipti sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi var gert ráð fyrir að ráðherra myndi setja reglugerð um hámarksverð fyrir lúkningu símtala. Hins vegar var frumvarpið ekki samþykkt á þinginu. Þá hefur áðurnefnd gerð ekki verið tekin upp í ESSamninginn. Því hafa ákvæði um þessi samræmdu hámarksverð fyrir lúkningu símtala í föstum netum ekki tekið gildi hér á Íslandi né í Noregi eða Liechtenstein.

---

<sup>7</sup> Talað er um „bottom-up“ (BU) líkan þegar um er að ræða útreikninga á kostnaði út frá verkfræðilegu líkani af fjarskiptaneti á viðkomandi fjarskiptamarkaði. Líkanið byggir á ímynduðu (e. hypothetical) netkerfi sem er hagkvæmt hannað og nýtir hagkvæmustu tæknilausnir sem í boði eru hverju sinni.

<sup>8</sup> Body of European Regulators for Electronic Communications.

<sup>9</sup> Commission Delegated Regulation (EU) 2021/654 of 18 December 2020 supplementing Directive (EU) 2018/1972 of the European Parliament and of the Council by setting a single maximum Union-wide mobile voice termination rate and a single maximum Union-wide fixed voice termination rate.



(23) Þar til annað hefur verið ákveðið með lögum eða reglugerð hér á landi mun Fjarskiptastofa fylgja ákvörðun PFS nr. 22/2016 við ákvörðun lúkningarverða.

## 2.2 Ákvörðun PFS nr. 22/2016

(24) Hvað varðar framkvæmd verðsamanburðarins sem fjallað er um hér vísar Fjarskiptastofa í ákvörðun PFS nr. 22/2016, dags. 23. desember 2016, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum. Ákvörðunin byggir á markaðsgreiningu sem stofnunin framkvæmdi. Heildsolumarkaður fyrir lúkningu símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum er númer 1 samkvæmt tilmælum ESA<sup>10</sup> um skilgreiningu á heildsölumörkuðum farskiptaþjónustu frá 2016.

(25) Með hliðsjón af skilgreiningu og greiningu á samkeppni á heildsolumarkaði fyrir lúkningu símtala í fastaneti (markaður 1) og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. farskiptalaga ákvað PFS að útnefna Símann hf. (Síminn), Fjarskipti hf., nú Sýn hf. (Vodafone), Nova ehf. (Nova), Símafélagið ehf. (Nova hefur keypt Símafélagið og sameinað rekstri Nova), Hringdu ehf. (Hringdu) og Tismi BV (Tismi) með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.

(26) Á öll fyrirtækin voru lagðar kvaðir um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá.

(27) Í kvöð um eftirlit með gjaldskrá var tilgreint að hámarksverð fyrir lúkningu símtala yrði ákvarðað með verðsamanburði samkvæmt heimild í 4. mgr. 32. gr. laga um farskipti. Það var mat PFS að stofnunin væri að óbreyttu ekki í stakk búin til að beita BU-LRIC kostnaðargreiningaraðferð á viðkomandi markaði á næstu árum sökum skorts á fjárhheimildum, starfsfólk og sérþekkingu. PFS taldi að eðlilegast væri að miða við verðsamanburð þar sem samanburður yrði gerður við ríki sem beita hreinni BU-LRIC aðferð samkvæmt fyrrgreindum tilmælunum ESA.

(28) Að mati Fjarskiptastofu hefur skapast fyrirsjáanlegt verklag við ákvörðun lúkningarverða með verðsamanburði sem skapar farskiptafyrirtækjum stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi. Verðsamanburðurinn hefur sömuleiðis reynst hagkvæm og skilvirk leið til að ná fram þeim markmiðum um lúkningarverð sem sett eru fram í framangreindum tilmælum ESA.

(29) Þá var tilgreint í fyrrgreindri ákvörðun að hámarks lúkningarverð skyldu áfram vera þau sömu hjá öllum fyrirtækjunum, þ.e. samhverf gjöld. Í eldri markaðsgreiningu PFS á þessum markaði (ákvörðun PFS nr. 36/2012<sup>11</sup>) var einnig kveðið á um samhverf lúkningarverð og beitingu verðsamanburðar við ákvörðun hámarksverðs fyrir lúkningu símtala í föstum

---

<sup>10</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).

<sup>11</sup> Ákvörðun um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum, dags. 14. desember 2012.



almennum talsímanetum. Því var ekki um að ræða breytingu á framkvæmd verðkvaðar í ákvörðun PFS nr. 22/2016.

(30) Eftirfarandi meginforsendur voru settar til viðmiðunar við val á samanburðarríkjum og útreikning á heildsöluverði fyrir lúkningu símtala í fastaneti þegar verðsamanburði væri beitt:

- Miða skyldi við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði lyti gjaldskráeftirliti fjarskiptaeftlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt væri hreinni BU-LRIC aðferð.
- Samanburður á verðum skyldi miðast við niðurstöður um lúkningarverð samkvæmt útreikningum sem byggðu á hreinu LRIC líkani sem lægi fyrir 30. apríl á því ári sem verðsamanburður færí fram hverju sinni.
- Miða skyldi við verð fyrir skiptistöðvar (single transit/layer 2)<sup>12</sup>.
- Miða skyldi við mínuverð á 3ja mínuverða símtali.<sup>13</sup>
- Miða skyldi við meðalgengi viðkomandi ársfjórðungs.<sup>14</sup>
- Miða skyldi við að fyrir lægi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun.
- Miða skyldi við að ákvarðað verð væri ekki hærra en hreint meðaltal þeirra ríkja sem uppfylltu ofangreind skilyrði á viðmiðunartíma.

(31) Þá kom fram að PFS (nú Fjarskiptastofa) myndi árlega á gildistíma ákvörðunarinnar endurtaka verðsamanburð með ofangreindum forsendum og ákvarða hámark lúkningargjalda sem taka ætti gildi frá og með 1. janúar ár hvert í samræmi við niðurstöður verðsamanburðarins. PFS myndi birta niðurstöður úr samanburðinum eigi síðar en 1. nóvember ár hvert með ákvörðun (vegna verða sem tæku gildi frá og með 1. janúar árið eftir), í kjölfar innanlandssamráðs og samráðs við ESA. Að jafnaði ætti að nota öll þau ríki í verðsamanburðinn sem uppfylltu ofangreind skilyrði.

### 2.3 Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 1/2016 út frá verðsamanburði

(32) Í upphafi árs 2015 framkvæmdi PFS verðsamanburð í samræmi við ákvörðun PFS nr. 36/2012. Niðurstaða verðsamanburðarins var sett fram í ákvörðun PFS nr. 19/2015, dags. 30. júlí 2015, þar sem kveðið var á um að niðurstaða verðsamanburðarins sem stofnunin framkvæmdi yrði grundvöllur hámarksverða fyrir lúkningu símtala í fastanetinu. Tengigjöld sem voru í gildi á þessum tíma voru felld niður frá og með 1. janúar 2016.

(33) PFS endurtók verðsamanburðinn á árunum 2016 til 2020. Niðurstaða síðasta verðsamanburðar stofnunarinnar á þessum markaði var birt í ákvörðun PFS nr. 10/2020, dags. 22. október 2020. Þar var kveðið á um 0,12 kr./mín hámarksgjald fyrir lúkningu símtala í

<sup>12</sup> Þetta kemur ekki í veg fyrir það að tekið sé mið af niðurstöðu í ríkjum þar sem ekki er gerður greinarmunur á verði fyrir mismunandi tengisvæði ef verðkvöð er til staðar.

<sup>13</sup> Gert er ráð fyrir að símtal sé að meðaltali 3 mínuverð, reiknað er samkvæmt formúlunni: meðalmínuverð = tengigjald/3 + mínuverð.

<sup>14</sup> PFS styðst í þessu efni m.a. við framkvæmd BEREC í reglugundnum verðsamanburði.



föustum talsímanetum hjá Símanum, Vodafone, Nova, Hringdu og Tismi frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.

(34) Við framkvæmd þessara verðsamanburða tók PFS tillit til framangreindra tilmæla ESA varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarárverðum í farsímanetum og föustum netum. PFS valdi samanburðarlöndin í samræmi við 12. gr. umræddra tilmæla ESA.

(35) Framangreindum ákvörðunum um verðsamanburð var ekki skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála né dómstóla.

(36) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 10/2020 eru nágildandi heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í föustum almennum talsímanetum á Íslandi 0,12 kr./mín. og gildir það verð til 31. desember 2021.

(37) Í ákvörðun þessari sem hér eru til umfjöllunar er fjallað um verð sem mun gilda á árinu 2022.



### 3 Útreikningur á lúkningarverði

(38) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 22/2016, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum, hefur Fjarskiptastofa nú tekið saman verð á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum EES-ríkja til að nota í verðsamanburð. Við gagnaöflum styðst PFS við upplýsingar úr CIRCABC gagnasafni Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ECom gagnasafni ESA, skýrslum frá Cullen International og gerð Evrópusambandsins nr. 2021/654 (Commission Delegated Regulation (EU) 2021/654).

(39) Við val á samanburðarlöndum miðar Fjarskiptastofa við fjarskiptamarkaði á EES-svæðinu, en um er að ræða 30 ríki að Íslandi meðtöldu.

(40) Í ljósi þess að verið er að ákvarða verð sem gilda munu á árinu 2022 tekur Fjarskiptastofa mið af þeim verðum fyrir lúkningu símtala sem eiga að gilda á því ári þegar það liggur fyrir, en að öðru leyti er miðað við verð sem taka gildi á árinu 2021 eða voru í gildi 30. apríl 2021. Þetta er í samræmi við fyrri framkvæmd PFS við verðsamanburð á þessum markaði.

(41) Eins og fram hefur komið hér að framan hafa lúkningarverð fyrir símtöl í ríkjum Evrópusambandsins verið samræmd. Eitt samræmt verð fyrir lúkningu símtala í föstum netum í Evrópusambandinu tekur gildi þann 1. janúar 2022, þ.e. 0,07 €sent/mín. Fjarskiptastofa mun því miða við það verð í öllum ríkjum Evrópusambandsins í þessum samanburði.

(42) Þau EES-ríki sem standa utan Evrópusambandsins eru Noregur og Liechtenstein, auk Íslands.

(43) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 22/2016 skal leggja eftirfarandi meginforsendur til grundvallar við val á viðmiðunarlöndum og útreikning á lúkningarverðum sem gilda eiga á árinu 2022:

1. Miða skal við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráeftirliti fjarskiptaeftlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt er hreinni BU-LRIC aðferð.
2. Samanburður á verðum skal miða við niðurstöður um lúkningarverð samkvæmt útreikningum byggðum á hreinu BU-LRIC líkani sem lágu fyrir 30. apríl 2021.
3. Notast skal við verð fyrir skiptistöðvar (single transit/layer 2)<sup>15</sup>.
4. Notast skal við meðalgengi á öðrum ársfjórðungi 2021.
5. Miða skal við að fyrir liggi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun.
6. Ákvarðað verð skal vera hreint meðaltal lúkningarverða í þeim ríkjum sem uppfylla ofangreind skilyrði.

<sup>15</sup> Tekið er mið af niðurstöðu í ríkjum þar sem ekki er gerður greinarmunur á verði fyrir mismunandi tengisvæði ef verðkvöð er til staðar fyrir skiptistöðvar.



(44) Fjarskiptastofa telur að samræmda verðið samkvæmt gerð Evrópusambandsins uppfylli ofangreind skilyrði fyrir flest ríki sambandsins. Verðin voru ákvörðuð fyrir 30. apríl 2021<sup>16</sup> og útreikningarnir byggðu á hreinu BU-LRIC líkani. Ekki er gerður greinarmunur á verði fyrir mismunandi tengisvæði í útreikningunum og því gilda verðin einnig um skiptistöðvar þar sem slík gjaldskrárvöð er til staðar. Varðandi það skilyrði að fyrir liggi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun þá hefur gerðin þau lagalegu áhrif að hún kemur í stað ákvörðunar slíkra eftirlitsstjórnvalda og því er það skilyrði uppfyllt að mati Fjarskiptastofu. Hvað varðar samspil skilyrða 1 og 3 hér að ofan þá hefur stofnunin í fyrri verðsamanburðum ekki tekið með í verðsamanburðinn þau ríki þar sem ekki er í gildi gjaldskrárvöð á skiptistöðvum (single transit/layer 2). Þessi ríki eru Frakkland, Írland og Ítalía og var þeim sleppt úr síðasta verðsamanburði hjá stofnuninni. Samkvæmt upplýsingum úr skýrslu frá Cullen International (Fixed termination rates - CTTEU20210071 - 1 July 2021) og nýlegu viðmiðunartilboði frá írska fjarskiptafyrirtækinu Eircom virðast samræmdu verðin ekki gilda fyrir skiptistöðvar á Írlandi en samkvæmt gjaldskrá Eircom er hærra verð fyrir skiptistöðvar (þar sem ekki er verðkvöð). Hins vegar er í viðmiðunartilboðinu einnig tilgreind verð fyrir lúkningu símtala um IP net fyrirtækisins í samræmi við gerðina. Fjarskiptastofa hefur ekki uppfærðar upplýsingar um viðmiðunartilboð markaðsráðandi aðila í Frakklandi og Ítalíu, en samkvæmt vinnuskjali sem fylgdi gerðinni<sup>17</sup> nær verðið samkvæmt gerðinni yfir kostnað við flutning innanlands í neti fjarskiptafyrirtækis mótkanda símtals frá samtengipunkti netrekanda<sup>18</sup> og er miðað við IP net (e. IP core network). Hvað varðar síðasta skilyrðið um að reikna skuli hreint meðaltal lúkningarverða í ríkjum þá er verið að vísa í það að hvert ríki hafi vægið einn, þ.e. ekki er tekið mið af fjölda tenginga í hverju landi. Meðalgengi evrunnar samkvæmt skilyrði 4 hér að ofan er 148,97. Hámarks lúkningarverðið, 0,07 €sent/mín., sem tekur gildi þann 1. janúar 2022 í ríkjum bandalagsins er því 0,104 kr./mín., umreiknað í íslenskar krónur.

(45) Hvað varðar þau EES ríki sem standa fyrir utan Evrópusambandið þá uppfyllir niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar í Noregi ofangreind skilyrði en ekki Liechtenstein því þar er ekki miðað við BU-LRIC líkan við ákvörðun lúkningarverða. Núverandi lúkningarverð í Noregi eru 0,4 norskir aurar/mín. eða 0,059 íslenskar kr./mín. Ekki lá fyrir ákvörðun um lúkningarverð í Noregi fyrir árið 2022 þann 30. apríl 2021 og því miðar Fjarskiptastofa við það verð sem var ákvarðað fyrir árið 2021 í verðsamanburðinum.

(46) Þegar tekið er mið af lúkningarverðum samkvæmt gerðinni í öllum ríkjum Evrópusambandsins auk lúkningarverða í Noregi þá er meðaltalið 0,103 íslenskar kr./mín. Ef hins vegar er tekið mið af lúkningarverðum í þeim ríkjum ESB þar sem verðkvöð er á skiptistöðum<sup>19</sup> auk Noregs þá er hreint meðaltal lúkningarverða í þessum ríkjum 0,102 íslenskar kr./mín. Í fyrri ákvörðun sínum varðandi verðsamanburð hefur PFS (nú Fjarskiptastofa) reiknað meðaltalið með þremur aukastöfum en ákvörðuð lúkningarverð eru með tveimur aukastöfum. Fjarskiptastofa hyggst halda því fyrirkomulagi og niðurstaða verðsamanburðarins er því **0,10 kr./mín.** fyrir lúkningu símtala í föstum netum. Það hefur því ekki áhrif á niðurstöðu um lúkningarverð hvort eingöngu eru tekin með ríki

<sup>16</sup> Gerðin var formlega birt þann 22. apríl 2021 í Official Journal of the European Union.

<sup>17</sup> Commission Staff Working Document; SWD(2020) 333 final; bls. 3-4.

<sup>18</sup> Sjá mynd 1 í Commission Staff Working Document; SWD(2020) 333 final; bls. 4.

<sup>19</sup> Um er að ræða 24 ríki.



Evrópusambandsins þar sem er í gildi gjaldskrárkvöð á skiptistöðvum eða hvort öll ríki sambandsins eru tekin með í samanburðinn.

(47) Niðurstaðan er mínútuverð fyrir lúkningu símtals án tengigjalds eða sundurgreiningar í dag-, nætur- eða helgartaxta.



## 4 Niðurstaða Fjarskiptastofu

(48) Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 22/2016 eru lúkningarverð símtala í föstum almennum talsímanetum ákvörðuð út frá niðurstöðu verðsamanburðarins sem stofnunin hefur nú framkvæmt og lýst er hér að framan.

(49) Með verðsamanburðinum fæst meðalmínútuverð þeirra ríkja sem samanburðurinn nær til. Fjarskiptastofa notar niðurstöðu verðsamanburðarins til að ákvarða mínuverð fyrir lúkningu símtala í fastaneti án tengigjalds.

(50) Í samræmi við niðurstöðuna úr framangreindum verðsamanburði er það niðurstaða Fjarskiptastofu að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum á Íslandi skuli vera **0,10 kr./mín.** fyrir tímabilið 1. janúar 2022 til 31. desember 2022. Um er að ræða hámarks heildsöluluverð á mínuverðu án virðisaukaskatts. Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 22/2016 eiga gjöldin að vera þau sömu hjá öllum fyrirtækjunum. Núverandi lúkningarverð er 0,12 kr./mín. og því er lækkunin 0,02 kr./mín. eða um 17%.

(51) Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir lúkningarverð í föstum almennum talsímanetum fjarskiptafyrirtækja á þessu ári og því næsta:

**Tafla 4.1 Lúkningarverð í föstum talsímanetum fjarskiptafyrirtækja**

Fyrirtæki	Eining	Verð	
		til 31. des. 2021	1. jan. - 31. des. 2022
Síminn	kr./mín.	0,12	0,10
Vodafone	kr./mín.	0,12	0,10
Nova	kr./mín.	0,12	0,10
Hringdu	kr./mín.	0,12	0,10
Tismi	kr./mín.	0,12	0,10

**Heimild:** Fjarskiptastofa

(52) Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 22/2016 ber stofnuninni að endurskoða lúkningarverð árlega til samræmis við niðurstöðu verðsamanburðar Fjarskiptastofu, sem lokið skal með ákvörðun fyrir 1. nóvember ár hvert.

(53) Eins og komið hefur fram hér að framan þá hefur orðið breyting á því hvernig hámarksverð fyrir lúkningu símtala á Evrópska efnahagssvæðinu eru ákvörðuð. Evrópusambandið gaf út tilskipun nr. 2018/1972 (European Electronic Communications Code) þann 11. desember 2018. Tilskipunin kveður m.a. á um að hámarksverð fyrir lúkningu í fastaneti í Evrópusambandinu skuli ákvörðuð með framseldri gerð sem hefur þegar tekið gildi í Evrópusambandinu. Ákvæði gerðarinnar hafa hins vegar ekki öðlast gildi hér á landi. Þar til annað hefur verið ákveðið með lögum eða reglugerð hér á landi mun Fjarskiptastofa fylgja ákvörðun PFS nr. 22/2016 við ákvörðun lúkningarverða.



## **Ákvörðunarrorð**

1. Í samræmi við verðsamanburð sem Fjarskiptastofa hefur framkvæmt skulu heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum, eins og þau eru tilgreind í ákvörðun PFS nr. 22/2016, vera 0,10 kr./mínútu fyrir tímabilið 1. janúar 2022 til 31. desember 2022. Núverandi lúkningarverð er 0,12 kr./mínútu og gildir það til og með 31. desember 2021.
2. Um er að ræða hámarks heildsöluverð án virðisaukaskatts.
3. Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Fjarskiptastofu eða með nýjum lögum eða reglugerð.
4. Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 20. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun Fjarskiptastofu beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, 29. október 2021

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Hulda Ástþórsdóttir

Viðauki I: Álit ESA